

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 3. maí, var haldinn 129. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Borgarholtsskóla og hófst fundurinn kl. 17:02. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson og Gísli Rafn Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis, Ingibjörg Sigurbórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Kynning USK á framkvæmdum í Grafarvogi 2016.

Eftirfarandi bókun var gerð af fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Það er hneyksli að yfirlýst vilyrði frá fyrra ári að í ár ætti að endurnýja lóð Húsaskóla og borgarstjóri lýsti því einnig yfir á íbúafundi í apríl mánuði þessa árs með íbúum hverfisins. Framkvæmd þessi hefur nú breyst í hönnun fram á næst komandi haust, verður svo sett í teikningu á vetrar mánuðum og í framkvæmd árið 2017. Þess til viðbótar verður verkefninu eflaust skipt í þrjá verkhlyta sem gætu tekið jafn mörg ár í framkvæmd.

Eftirfarandi bókun var gerð af fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Það er hneyksli að Reykjavíkurborg ætli aðeins í sumar að malbika 5 örstuttar vegalengdir eða jafngildi rúmlega 1 km í einu stærsta hverfi borgarinnar.

2. Umræður um fyrirkomulag Betri hverfa 2016.

Eftirfarandi bókun var gerð af fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Í ár 2016 verða engar framkvæmdir úr kosningu úr Betri hverfi og því fá Grafarvogsbúar ekki að hafa áhrif á þær framkvæmdir sem þeir vilja sjá né fá íbúar hverfisins þær rúmlega 50 milljónir til að nýta til að bæta og byggja upp enn betra hverfi á árinu. Allt þetta á vakt meirihlutans í borgarstjórn og áhugavert er að sjá að á vakt Pírata sé dregið úr kosningum og áhrifum íbúa Grafarvogs og borgarinnar í heild. Þessu slegið upp sem frestun til næsta árs, kosið í ár, framkvæmd á næsta ári. Það þýðir í raun, minni áhrif íbúa og minna fé í hverfið.

3. Umræða um nýtingu atvinnuhúsnæða í Grafarvogi.

Styrkumsóknir í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar kynntar.

Upphæð til úthlutunar: 875.000kr.

6 umsóknir bærust – Heildarupphæð umsókna: 2.652.000kr.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs ákveður að styrkja verkefnin Hjólakraftur í Grafarvogi um 300.000 krónur, Stafræn húðflúr hverfa aldrei um 250.000 krónur og Fræðsluerindi um andlega líðan íþróttamanna 92.000 krónur. Öðrum umsóknum var hafnað.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs ákveður að veita Galleríinu á Korpúlfsstöðum Máttarstólpann 2016.

Fundi slitið kl. 18:54

Guðbrandur Guðmundsson

Bergvin Oddsson

Gísli Rafn Guðmundsson